



Fréttatilkynning  
19 February 2025 15:45:00 GMT

## Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – lok umferðar

Vísað er til tilkynningar Íslandsbanka hf. sem birt var 22. janúar 2025 um áframhaldandi framkvæmd endurkaupaáætlunar á eigin bréfum sem upphaflega var tilkynnt um 14. júní 2024. Það sem af er viku 8 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 795.019 eigin hluti að kaupverði alls kr. 103.093.706 eins og nánar er greint í þessari tilkynningu.

Það sem af er viku 8 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 795.019 eigin hluti að kaupverði alls kr. 103.093.706 eins og nánar er greint frá hér á eftir:

Dagsetning	Tímasetning viðskipta	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð	Kaupverð (kr)	Eigin hlutir eftir viðskipti
18.2.25	09:57	450.000	130,00	58.500.000	119.184.211
19.2.25	10:02:00	345.019	129.25	44.593.706	119.529.230
	<b>Samtals</b>	<b>795.019</b>		<b>103.093.706</b>	

Fyrir framangreind viðskipti í viku 8 átti bankinn 118.734.211 hluti, sem nemur 5,94% af útgefnum hlutum.

Þessari umferð endurkaupa, sem tilkynnt var um í kauphöll þann 22. janúar 2025, er nú lokið. Samkvæmt framangreindri tilkynningu var áætlað að kaupa allt að 10 milljón hluti sem jafngildir 0,50% af útgefnu hlutafé bankans, þó þannig að heildarfjárhæð endurkaupanna að þessu sinni verði aldrei meiri en samtals kr. 1.000.000.000.

Í þessari umferð endurkaupa keypti bankinn 7.995.019 hluti, sem nemur 0,40% af útgefnum hlutum og nemur heildarkaupverð eigin hluta samtals kr. 999.999.956 í umferðinni. Framangreindu hámarki heildarfjárhæðar endurkaupa er því náð í þessari umferð. Áform um bestun á eiginfjársamsetningu bankans eru enn í forgangi, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.

Frá upphafi endurkaupa í febrúar 2023 hefur bankinn keypt samtals 119.529.230 eigin hluti eða sem nemur 5,98% af útgefnum hlutum í bankanum.

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar verður í samræmi við viðeigandi lög og reglur, þ.á m. lög um hlutafélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596 /2014 og framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1052, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 og reglur nr. 1275/2024 um sama efni. Samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna kaupa bankans á eigin hlutum er fyrirliggjandi.



Fréttatilkynning  
19 February 2025 15:45:00 GMT

**Frekari upplýsingar veita:**

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, [ir@islandsbanki.is](mailto:ir@islandsbanki.is)  
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, [pr@islandsbanki.is](mailto:pr@islandsbanki.is)

**Viðhengi**

**[Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – lok umferðar](#)**